

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti 8. maí 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Hellisbraut á Reykhólum. Í breytingunni felst að tvær einbýlishúsalóðir við Hellisbraut 66 og 68 eru sameinaðar í eina raðhúslóð með fjórum íbúðum sem fær númerið 66a-68b. Að öðru leyti haldast skilmálar gildandi deiliskipulags. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 21. maí 2024,

Hlynur Torfi Torfason skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. maí 2024